



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir snyrtistofu (Emma lashes & beauty) að Brautarholti 18A, F2010740, rými 02 0101.

Nafn leyfishafa: Þrif og heimili ehf.

Heimilisfang: Skipholt 50b

Póstnúmer: 105

Kennitala: 640325-0970

Útgáfudagur leyfis: 7. ágúst 2025

Gildir til: 7. ágúst 2037

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfissskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með *Starfsleyfissskilyrðum fyrir snyrtistofur og skylda starfsemi*.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 7. ágúst 2025





Brif og heimili ehf

kt. 640325-0970

Skipholt 50c

vegna Snyrtistofu í starfstöð fyrirtækisins að Brautarholti 18A.

Málsmeðferð er í samræmi við ákvæði í 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti.

Dags. umsóknar. Sjá kafla 1. hér að neðan.	27.06.2025
Rekstraraðili, kt.	brif og heimili ehf. kt: 640325-0970
Heiti fyrirtækis	Emma lashes & beauty
Staðsetning starfsstöðvar, fasteigna- og rýmisnúmer.	Brautarholt 18b. Fastanúmer F2010740 og rýmisnúmer 02 0101
Tegund starfsemi	Snyrtistofa skv. 42. grein í viðauka við reglugerð nr. 903/2024.
Tilefni umsóknar	Ný starfsemi
Staðfesting á samþykki byggingarfulltrúa og samræmi við skipulag. Sjá kafla 2. að neðan.	Staðfesting barst 23.06.2025
Dags. birtingar auglýsingar, efni tillögunnar, hvar hún var birt og frestur til athugasemda. Sjá kafla 4. hér að neðan.	Dags, 27.06.2025-25.07.2025 á vef Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur. Drög fyrir snyrtistofu með nudd, augnháralengingar, neglur og fótsnyrtingu.
Athugasemdir sem bárust. Hafi athugasemdir borist er gerð grein fyrir þeim í kafla 5. hér að neðan.	Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma
Hafi verið gerðar breytingar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu er gerð grein fyrir því í kafla 6. hér að neðan.	Engar breytingar voru gerðar á auglýstri tillögu að starfsleyfi
Afgreiðslufundur nr., dags. og afgreiðsla. Sjá kafla 7. hér að neðan.	Umsóknin var lögð fyrir 1850, afgreiðslufundur HER þann 7. ágúst 2025. Samþykkt að veita starfsleyfi til 7.ágúst 2037



1. Móttaka á umsókn

Umsókn rekstraraðila um starfsleyfi barst Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur. Umsókn var metin fullnægjandi.

Móttaka umsóknar var auglýst á vef heilbrigðiseftirlitsins
<https://reykjavik.is/heilbrigðiseftirlit/motteknar-umsoknir-um-starfsleyfi>.

2. Samræmi við skipulag og heimila notkun húsnæðis

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal rekstraraðili sýna fram á að samþykki byggingarfulltrúa liggi fyrir og starfsemin standist skipulag.

Með umsókninni barst staðfesting byggingarfulltrúa á ofangreindu.

3. Opinber auglýsing á starfsleyfistillögu

Skv. ákvæði 9. gr. reglugerðar nr. 903/2024 um hollustuhætti skal útgefandi starfsleyfis auglýsa opinberlega á vefsíðu sinni tillögu að starfsleyfi, þ.e. hvers efnis hún er og hvar megi nálgast tillöguna. Heimilt er að gera skriflegar athugasemdir við tillögu útgefanda að starfsleyfi innan fjögurra vikna frá auglýsingu.

Tillaga að starfsleyfi er auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins
<https://reykjavik.is/starfsleyfi-i-auglysingu-samkvaemt-reglugerd-nr-9032024>.

4. Athugasemdir sem bárust á auglýsingatíma

Engar athugasemdir bárust við auglýsta tillögu að starfsleyfi.

5. Breytingar á tillögu að starfsleyfi

Engar breytingar voru gerðar á tillögu að starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

6. Ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um útgáfu starfsleyfis (ákvörðun heilbrigðisnefndar Reykjavíkur ef lagt fyrir nefndina).

Í samræmi við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar, nr. 1020/2019, nánar tiltekið viðauka 2.2 sem fjallar um embættisfærslur framkvæmdastjóra Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar, var ofangreind starfsleyfisumsókn lögð fyrir



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

afgreiðslufund Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur þann 7.ágúst 2025 og samþykkt að gefa út starfsleyfi til 12 ára.

7. Kæruleið og kærufrestur

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til úrskurðarnefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar, sbr. 5. gr. ofangreindra laga. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála er einn mánuður frá því kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Dags. 10. september 2025, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur